

Sp.

135. Tillaga til þingsályktunar

[131. mál]

um úthlutunarreglur húsnæðislána.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Davíð Aðalsteinsson, Eiður Guðnason,
Eyjólfur Konráð Jónsson, Helgi Seljan, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að sjá til þess að samþykkt húsnæðismála-
stjórnar frá 19. sept. sl. um breyttar úthlutunarreglur húsnæðislána, sem taka eiga gildi um
næstu áramót, nái ekki fram að ganga.

Greinargerð.

Lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra, sem byggja á hefðbundinn hátt, hafa verið
greidd út í þremur áföngum, fyrsti hlutinn 6 mánuðum eftir að húsið er fokhelt, en annar
hluti 12 mánuðum eftir fokhelti og síðasti hluti 18 mánuðum eftir fokhelti. Þessar úthlut-
unarreglur eru miðaðar við venjulegan byggingartíma steinsteypra húsa.

Byggingartími einingahúsa er hins vegar miklu skemmri og hafa úthlutunarreglur lána
til kaupenda slíkra húsa þess vegna miðast við að greiða þau út á u. þ. b. 10 mánuðum frá
fokhelti.

Fyrsti hluti lánsins er þannig greiddur út ½ mánuði eftir fokhelti, annar hlutinn þremur
mánuðum síðar og þriðji hlutinn um 10 mánuðum eftir fokhelti. Þess ber þó að gæta að
fokheldisstig eru í raun ekki sambærileg. Hús, sem byggð eru með hefðbundnum hætti, eru
talin fokheld með uppsteyptum veggjum en ófrágengnum að utan og innan, með pappa á
þaki og plasti í gluggum og gættum, en einingahúsin hins vegar fullbúin að utan með gleri í
gluggum, hurð í útidyrum, með fráðregnum þakbrúnum og niðurföllum. Þá er einingahúsið
einangrað og sum eru á þessu stigi með fullfrágengna veggj að innan, þ. e. tilbúna undir
málningu.

Af þessu má sjá að fokheldisstig húsanna eru engan veginn sambærileg. Með þeim
úthlutunarreglum, sem upp voru teknar árið 1977, var því stefnt að því að jafna aðstöðumun
þeirra, sem kaupa einingahús, og þeirra sem byggja á hefðbundinn hátt. Enn fremur áttu
þær að stuðla að bættri samkeppnisstöðu innlendrar einingahúsagerðar gagnvart innflutningi
slíkra húsa, og að flestra mati hefur það tekist.

Hinn 19. september sl. samþykkti hins vegar húsnæðismálastjórn að úthlutun lána
vegna einingahúsa skyldi frá næstu áramótum fara fram á jafnlöngum tíma og úthlutun lána
vegna hefðbundinna húsa þrátt fyrir svo ólíkar aðstæður sem áður er lýst. Að mati
flutningsmanna þessarar tillögu væri það spor aftur á bak ef þessi ákvörðun húsnæðismála-
stjórnar næði fram að ganga.

Framleiðsla og bygging einingahúsa hefur verið vaxandi atvinnugrein nú síðustu árin.
Að margra áliti hefur þessi byggingarmáti auðveldað mörgum að koma sér upp húsnæði sem
ella hefðu átt erfitt með það. Þar skiptir byggingartíminn meginmáli en hann er yfirleitt
aðeins 3—6 mánuðir og getur raunar verið enn skemmri.

Það er húsbyggjendum í raun ómetanlegt hagræði að geta flutt inn í hús sitt aðeins
örfáum vikum eftir að bygging þess hefst. Þess vegna er þessi byggingaraðferð kostur hinna
efnaminni.

Augljóst er einnig það hagræði að geta unnið að framleiðslu húsanna að mestu leyti
innan dyra í verksmiðju og stytta þannig mjög þann tíma sem unninn er úti við á
byggingarstað í misjöfnum veðrum. Þannig fæst samfelld vinna sem ekki er jafnháð
veðurfari og hefðbundin byggingarstarfsemi.

Auk hagræðis og sparnaðar fyrir húsakaupendur, og samfelldari og þægilegri vinnu við húsagerðina, má benda á að einingahús eru framleidd á ýmsum stöðum á landinu þar sem mikilvægt er frá þjóðhagslegu sjónarmiði að hlúa að vaxandi atvinnugreinum.

Í greinargerð frá 3. maí 1983 vegna könnunar á íslenskum einingahúsum er talið upp 21 fyrirtæki sem framleiðir einingahús, þar af 6 á höfuðborgarsvæðinu, en hin 15 dreifð um allt landið, á Akranesi, í Borgarnesi, Stykkishólmi, á Blönduósi, Siglufirði, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Með samræmdum gæðakröfum og ströngu eftirliti hefur framleiðsla íslenskra einingahúsa orðið fyllilega samkeppnishæf við hefðbundinn byggingarmáta.

Þróun einingahúsaframleiðslu hérlendis nú hin síðustu ár hefur dregið stórlega úr innflutningi húseininga í íbúðar- og sumarhús. Sú þróun hefur án efa aukið hlut þeirra sem að byggingariðnaði starfa.

Með breyttum úthlutunarreglum lána, sem húsnæðismálastjórn leggur til að taki gildi um næstu áramót, væri verið að auka aðstöðumun tvenns konar byggingaraðferða sem hvorar tveggja eiga jafnmikinn rétt á sér. Þær reglur yrðu öllum í óhag, húsbyggjendum og byggingariðnaðinum í heild.